

Reglur félagsmiðstöðvarinnar Zero

- **Áfengi, nikótín og önnur vímuefni eru bannaðar** í Félagsmiðstöðinni Zero. **Orkudrykkir eru líka bannaðir**. Þessar reglur gilda líka í öllum ferðum á vegum Zero.
- **Við berum virðingu fyrir eigum félagsmiðstöðvarinnar** og hjálpumst að við að hafa **snýrtilégt** í kringum okkur með því að nota viðeigandi ruslatunnur. Þegar félagsmiðstöðin lokar þá göngum við frá eftir okkur.
- Unglingum ber að virða þessar reglur og koma fram við starfsfólk og aðra gesti í félagsmiðstöðinni af virðingu.

Brot á reglum félagsmiðstöðvarinnar getur orsakað brottvísun úr félagsmiðstöðinni og/eða haft er samband við foreldra þar sem viðurlög verða rædd.

1. Umgengni og samskipti

- Við reynum að leysa málin á þann veg að ekki þurfi að koma til takmarkana að þátttöku í starfi félagsmiðstöðvarinnar.

2. Nikótín og orkudrykkir – Unnið í samráði við foreldra. Unglingum gefinn kostur á að gera hreint fyrir sínum dyrum gagnvart foreldrum sínum áður en haft er samband við foreldra.

- Förum fram á að fá hlutinn (tóbak, nikótín, rafrettur o.fl.) hjá unglingnum, foreldrum gefinn kostur á að sækja hlutinn.

3. Áfengi og öll önnur vímuefni – Unglingum gefinn kostur á að gera hreint fyrir sínum dyrum gagnvart foreldrum sínum áður en haft er samband við foreldra.

Tilkynningarskylda til barnaverndaryfirvalda og foreldrar látnir vita.

- Förum fram á að fá hlutinn (áfengi, tóbak, nikótín, rafrettur o.fl.) hjá unglingnum, foreldrum gefinn kostur á að sækja hlutinn.
- Takmörk sett á aðgengi að félagsmiðstöð samstundis og foreldrar sækja unglinginn.

4. **Hnífar, kveikjarar, eldspýtur og önnur áhöld** sem kunna að ýta undir það að starfsfólki og öðrum gestum í félagsmiðstöðinni finnist öryggi sínu ógnað á einhvern hátt eru stranglega bönnuð í starfi félagsmiðstöðvarinnar.

ATH: Reglurnar eru í raun til staðar svo foreldrar, unglingar og starfsfólk séu meðvituð um þær takmarkanir sem gilda í félagsmiðstöðinni. Starf félagsmiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf og því munum við leita allra leiða til þess að þurfa EKKI að takmarka aðgengi unglunga að félagsmiðstöðinni ef til þess kæmi að reglur séu brotnar. Þrátt fyrir það er mikilvægt að við séum öll meðvituð um að slíkt sé mögulegt ef allar aðrar leiðir eru full reyndar. Slíkt skal unnið í samráði við foreldra en er þó háð mati forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar.